



Samantekt skýrslu um áhrif efnahagsaðgerða
vegna Covid-19 á Norðurlöndunum: ,Analyse af
udvikling og respons i nordiske arbejdsmarkeder
som følge af Covid-19 pandemien‘



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

Lýsing

Unnið fyrir	Félagsmálaráðuneytið
Skýrsla sem samantekt byggir á	„Analyse af udvikling og respons i nordiske arbejdsmarkeder som følge af Covid-19 pandemien.“ Skýrsla unnin fyrir norrænu ráðherranefndina
Höfundar skýrslunnar	Martin Eggert Hansen, Stig Yding Sørensen og Tine Andersen (Teknologisk Institut og Center for Arbejdsmarkedsforskning ved Aalborg Universitet - CARMA)
Samstarfsaðilar í skýrslugerð fyrir hönd Íslands	Stefan C. Hardonk, lektor við Háskóla Íslands (umsjón) Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands Kolbeinn Stefánsson, lektor við Háskóla Íslands Margrét Einarsdóttir, nýdoktor í félagsfræði
Dagsetning	8. mars 2021

Ábyrgðaraðilar

Umsjón	Stefan C. Hardonk, lektor við Háskóla Íslands
Vinna við samantekt	Margrét Einarsdóttir, nýdoktor í félagsfræði

Efnisyfirlit

Bakgrunnur skýrslunnar.....	5
Til hvers konar sóttvarnaraðgerða gripu Norðurlöndin til þess að bregðast við faraldrinum?	5
Hvaða áhrif höfðu sóttvarnaraðgerðirnar á efnahag, atvinnuframboð og atvinnuleysi?.....	6
Jöfn tækifæri: Hvaða hópa hefur Covid-19 helst haft áhrif á?	7
Atvinnuleysi aukist mest meðal ungs fólks	7
Lítill kynjamunur í samdrætti á atvinnuþátttöku.....	7
Covid-19 bitnar harðar á innflytjendum.....	7
Atvinnuleysi aukist meira meðal fólks með litla menntun en fólks með mikla menntun.....	8
Tækifæri á fjarvinnu eykur á ójöfnuð á vinnumarkaði.....	8
Hvaða áhrif hefur Covid-19 haft á fólksflutninga og hreyfanleika?	8
Minni stafshreyfanleiki (e. ‚job mobility‘)	8
Covid-19 gjörbreytti landfræðilegum hreyfanleika og ferðaháttum fólks	8
Hvaða aðgerðum var beytt til að styðja við efnahaginn?.....	9
Stuðningsaðgerðir.....	9
Sértækar aðgerðir	9
Hver hefur árangur aðgerðanna verið?.....	10
Stuðningsaðgerðirnar drógu úr atvinnuleysi er það fór á flug í upphafi faraldursins	10
Stuðningsaðgerðirnar voru nauðsynlegar í upphafi faraldursins en eru ekki sjálfbærar	10
Hvernig hefur faraldurinn breytt störfum og vinnufyrirkomulagi?.....	10
Fjarvinna jókst marktækt	10
Fjarvinnan hefur kosti og galla	11
Í mörgum atvinnugreinum hefur faraldurinn stuðað að stafrænni framþróun og nýsköpun....	11
Heimildir.....	12

Bakgrunnur skýrslunnar

Skýrsluhöfundar ítreka að Covid-19 faraldurinn er hverfull fyrirbrigði (e. „moving target“) sem tekur sífelldum breytingum. Að sama skapi hafa stjórnvöld stöðugt þurft að vera að bregðast við breytingum og aðlaga efnahagslegar jafn sem aðrar aðgerðir vegna faraldursins að þeim breytingum. Skýrslan hefur hins vegar skýran lokapunkt í lok nóvember 2020. Skýrslan tekur því fyrst og fremst á aðgerðum vegna fyrstu bylgju farldursins, eins og bylgjurnar hafa verið skilgreinar meðal frændþjóða okkur. Hér á landi hefur bylgjuskilgreiningin verið á annan veg og önnur bylja talin hefjast í ágúst 2020. Samantektin nær því einnig til hennar og byggir fyrst og fremst á því efni sem birtist í skýrslunni en staðfærð eins og kostur er.

Kreppan af völdum Covid-19 er ólík öðrum efnahagslegum heimskreppum, s.s. kreppunni miklu, ólífukreppunni og bankakreppunni, að því leyti að;

1. hún orsakaðist af utanafkomandi þætti en ekki af efnahagslegum þáttum og er þannig fyrst og fremst heilsuvá sem síðan olli efnahagskreppu,
2. hún hefur lagst mjög misjafnlega á ólíkar atvinnugeinar, á meðan sumar hafa blómstað hafa aðrar upplifað svartnætti. Þjónustugreinar, þá sérstaklega veitinga- og hóteliðnaðurinn, ferðamannaþjónustan, menningar- og afþreyingariðnaðurinn og að einhverju leyti vöruflutningar hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum. Starfsfólk innan þessara atvinnugreina sem að jafnaði hefur litla menntun hefur þannig orðið verst úti.

Þann 11. mars árið 2020 lýsti Alþjóðaheilbrigðisstofnunin því yfir að Covid-19 væri orðið að heimsfaraldi. Öll norrænu ríkin brugðust mjög flótt við yfirlýsingunni og gripu til margvíslegra sóttvarnaraðgerða.

Til hvers konar sóttvarnaraðgerða gripu Norðurlöndin til þess að bregðast við faraldrinum?

Danmörk, Finnland og Noregur brugðust á svipaðan hátt við faraldrinum, þ.e. með hörðum aðgerðum og margskonar takmörkunum á mannlegum samskiptum á meðan Svíþjóð fór allt aðrar og mildari leiðir. Íslenskar aðgerðir lentu síðan þar á milli.

- Í Danmörku, Finnlandi og Noregi var ráðist í róttækar aðgerðir í mars 2020 og stór hluti samfélagsins settur á ís. Vorið og sumarið 2020 var samfélagið var síðan opnað að ný að vissum skilyrðum uppfylltum. Fyrirtæki og stofnanir sem höfðu sætt lokunum eða takmörkunum gátu hafið starfsemi sína á ný svo framarlega sem þau virtu fjarlægðarmörk og aðrar sóttvarnaraðgerðir. Aðgerðir voru síðan hertar á ný þegar faraldurinn sótti í sig verðið með haustinu. Þó var ekki ráðist í jafn harðar aðgerðir og í upphafi faraldursins.
- Svíþjóð brást við faraldrinum með mildari aðgerðum en hin Norðurlöndin. Þar fólust sóttvarnaraðgerðirnar á tilmælum og valkvæðum aðgerðum auk svæðisbundinna aðgerða sem voru á höndum viðkomandi sveitarfélaga. Undir jól hertu Svíar síðan á sóttvarnaraðgerðum sínum og færðust þannig nær frændþjóðum sínum.

- Sóttvarnaraðgerðir á Íslandi urðu aldrei eins harðar og í Danmörku, Finnlandi og Noregi en heldur ekki jafn vægar og í Svíþjóð. Skýrsluhöfundar gera hins vegar ekki tilraun til að bera aðgerðirnar á Íslandi saman við aðgerðirnar á hinum Norðurlöndunum.

Hvaða áhrif höfðu sóttvarnaraðgerðirnar á efnahag, atvinnuframboð og atvinnuleysi?

Landframleiðslan dróst snökkt saman en náði sér fljótt á strik á ný.

- Á öllum Norðurlöndunum fimm dróst efnahagurinn saman frá fyrsta til annars ársfjórðungs 2020 samanborið við árið á undan. Samdrátturinn var mestur á Íslandi. Þar dróst landsframleiðslan saman um 10,9% á milli fyrsta og annars ársfjórðungs 2020 og um 10,4% á þriðja ársfjórðungi samanborið við árið á undan.
- Sóttvarnaraðgerðirnar urðu til þess að atvinnuleysi jókst snögglega og náði hámarki í maí-júní. Eftir að slakað var á aðgerðum í byrjun sumars dró úr atvinnuleysinu en á öllum Norðurlöndunum er það þó ennþá hærra en það var fyrir faraldurinn. Á Íslandi jókst atvinnuleysi ört hjá báðum kynjum frá mars til maí (+4800 karlar og +3600 konur) en dróst síðan saman í júní (-3100 karlar og -3000 konur).
- Samdráttur landsframleiðslunnar varð til þess að atvinnuþátttaka dróst saman frá mars til maí en jókst á ný yfir sumarið. Vöxtur faraldursins í byrjun vetrar veldur hins vegar mikilli óvissu um hve langt er í að efnahagurinn komist í eðilegt horf á ný. Í nóvember 2020 bjuggust öll Norðurlöndin við að landsframleiðslan allt árið 2020 myndi dragast saman miðan við fyrra ár en vonir stóðu til að hún myndi aukast á ný strax árið 2021. Á Íslandi var áætlað að samdrátturinn 2020 yrði 7,9% en 1,8% vöxtur árið 2021. Lokun landamæra hefur haft mikil áhrif á ferðaþjónusta á Íslandi og margfeldisáhrif á efnahag og atvinnustig.
- Samanburður á atvinnustigi á öðrum ársfjórðungi 2020 og 2019 sýnir verulegan samdrátt í gisti- og veitingastarfsemi á öllum Norðurlöndunum (-11%). Í ljósi mikilvægis ferðaþjónustunnar á Íslandi er athyglisvert að samkvæmt skýrslunni var samdrátturinn mun lægri á hér (-7%) en hvoru tveggja í Finnlandi (-26%) og í Svíþjóð (-24%) en hærri en í Noregi (-4%). Samdráttur í framleiðsluiðnaðinum var hann hins vegar hærri hér (-11%) en í Svíþjóð (-4%), Finnlandi (-3%), Noregi (-2%) og Danmörku þar sem atvinnustigið hækkaði raunar á tímabilinu (+4%) Einnig er samdráttur í heildsölu og smásölu og byggingariðnaði í öllum löndum.
- Greining á atvinnustigi í mikilvægustu útflutningsgreinum viðkomandi landa (þ.e. þeirra sem standa fyrir 60%-80% útflutnings) sýnir samdrátt á öðrum ársfjórðungi 2020 miðað við sama ársfjórðungi árið á undan á öllum Norðurlöndunum. Samdrátturinn var langmestur á Íslandi (-11%) og í Finnlandi (-7,2%) en minni í Danmörku (-3,2%), Svíþjóð (-2,8%) og Noregi (-1,4%).

Jöfn tækifæri: Hvaða hópa hefur Covid-19 helst haft áhrif á?

Greiningin sýnir að faraldurinn hefur dregið mest úr efnahagslegum tækifærum ungs fólks, innflytjenda og þeirra sem ekki hafa tök á fjarvinnu.

Atvinnuleysi aukist mest meðal ungs fólks

Þegar atvinnuleysi er skoðað eftir aldri kemur í ljós að það hefur aukist mest meðal ungs fólks (15-24 ára) og á það við um öll löndin að Noregi undanskildu. Því veldur væntanlega að stórir hópar ungs fólks vinna við þjónustustörf, svo sem við verslunarstörf, í gisti- og veitingageiranum og ferðaþjónustu. Þetta eru þær atvinnugreinar sem sóttvarnaraðgerðirnar hafa bitnað hvað harðast á. Þá er ungt fólk reynslulítið í samanburði við eldri aldurshópa og tengsl þess við vinnumarkaðinn oft veik.

Hér má bæta við að frá því fyrir hrun hafa verslunarstörf verið lang algengustu störf íslenskra ungmenna undir tvítugu með skóla en veitingastörf eru einnig algeng. Á sumrin bætast verkamannastörf af ýmsu tagi við verslunar- og veitingastörfin. Hérlendar rannsóknir vantar hins vegar á vinnu háskólanema og ungs fólks sem ekki er í skóla (Einarsdóttir & Snorradóttir, 2020; Margrét Einarsdóttir, 2014; Margrét Einarsdóttir & Ásta Snorradóttir, 2020). Nýútgefin skýrsla Vörðu, rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins, sýnir einnig að hérlendis er atvinnuleysi meira meðal ungs fólks undir þrítugu en meðal þeirra sem eldri eru.

Lítill kynjamunur í samdrætti á atvinnuþátttöku

Ekkert ákveðið kynjamynstur kemur í ljós í samdráttinum á atvinnuþátttöku. Það er ekki að merkja að samdrátturinn hafi að jafnaði bitnað harðar á konum þó einhvern breytileika sé að finna á milli landa. Greiningar á íslenskum vinnumarkaði benda þannig til að Covid-19 tengt atvinnuleysi hafi bitnað harðar á konum en körlum.

Covid-19 bitnar harðar á innflytjendum

Niðurstöður greiningarinnar eru einróma um að Covid-19 hefur bitnað harðar í innflytjendum en á innfæddum.

Hér má bæta við að flest bendir til þess að efnahagskreppan af völdum faraldursins Covid-19 hafi bitnað sérstaklega harkalega á innflytendum hérlendis. Nýleg skýrsla Vörðu, rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins, sýnir þannig að „innflytjendur [eru] líklegri en innfæddir til að vera atvinnulausir, vera á uppsagnarfresti eða hafa nýtt sér hlutabótaleiðina. Munurinn á atvinnuleysi í þessum tveimur hópum er sláandi en ríflega fjórðungur innflytjenda er atvinnulaus en hlutfallið er sjö prósent meðal innfæddra“ (bls. 59). Að auki sýnir skýrslan að andleg líðan innflytjenda hér á landi er marktækt verri en andlega líðan innfæddra, 35% innflytjenda en 22% innfæddra voru við slæma andlega heislu (Margrét Einarsdóttir et al., 2021).

Þess ber að geta að innflytjendur eru að jafnaði yngri en innfæddir og að einhverju leyti er því um sama hópinn að ræða (Margrét Einarsdóttir, Kristín Heba Gísladóttir, & Kolbeinn Hólmar Stefánsson, 2021).

Atvinnuleysi aukist meira meðal fólks með litla menntun en fólks með mikla menntun

Tölur yfir atvinnuleysi sýna að það hefur aukist meira meðal fólks með litla menntun en fólks með meiri menntun og á það við öll Norðurlöndin. Að hluta til er að vegna þess að þær atvinnugreinar sem hafa orðið harðast úti í lunin, bjóða í miklum mæli upp á störf sem krefjast ekki mikillar menntunar. Á hinn bóginn þá hafa þær atvinnugreinar sem bjóða upp á störf sem krefjast mikillar menntunar, svo sem fjármálageirinn og opinberi geirinn, ekki fundið mikið fyrir efnahagslegum áhrifum faraldursins þar sem starfsemin gefur frekar færi á fjarvinnu.

Skýrsluhöfundar vitna ekki til Íslands í þessu samhengi og höfundum samantektarinnar er ekki kunnugt um hvort atvinnuleysi á Íslandi hafi verið greint eftir menntun. Þess ber þó að geta að misræmi getur verið á menntun og störf og á það sérstaklega við um innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði. Þannig sýnir skýrsla Vörðu að meðal félagsfólks innan ASÍ og BSRB sem sinnir að mörgu leyti störfum sem krefjast ekki háskólamenntunar eru 41% innflytjenda með háskólamenntun en hlutfallið er 23% meðal innfæddra (Margrét Einarsdóttir et al., 2021).

Tækifæri á fjarvinnu eykur á ójöfnuð á vinnumarkaði

Mikil aukning hefur orðið á fjarvinnu í kjölfar faraldursins. Þessi aukning hefur skapað nýja uppsprettu ójöfnuðar á vinnumarkaði sem er mismunandi eðli starfa. Störf sem eru fyrst og fremst byggð upp af verkefnum sem vinna má í einstaklingstölvum, meðal annars störf í þekkingargeiranum, upplýsingatækni, greiningu og stjórnun, leyfa mun frekar fjarvinnu en framleiðslustörf eða störf sem snúast um umönnun og/eða líkamlega umhirðu en þau krefjast oftast líkamlegrar viðveru.

Greiningin á þessum þætti, þ.e. tengslum fjarvinnu og ójöfnuðar á vinnumarkaði, beindist ekki sérstaklega að Íslandi vegna skorts á gögnum. Gera má ráð fyrir að staðan sé svipuð hér og annars staðar á Norðurlöndunum.

Hvaða áhrif hefur Covid-19 haft á fólksfluttninga og hreyfanleika?

Minni stafshreyfanleiki (e. ‚job mobility‘)

Alls staðar á Norðurlöndunum fækkaði þeim sem byrjuðu í nýju starfi milli fyrsta og annars ársfjórðugs. Ein leið til að túlka þessar tölur er sú að hreyfanleiki í starfi hafi minnkað með tilkomu faraldursins. Meira atvinnuleysi og minna starfsöryggi hafi dregið úr vilja fólks til að skipta um starf.

Covid-19 gjörbreytti landfræðilegum hreyfanleika og ferðaháttum fólks

Farsímagögn um staðsetningu sem fengin voru frá Google sýna að ferðahættir Norðurlandabúa breyttust snögglega um miðjan mars 2020, það er á sama tíma og harðar sóttvarnaraðgerðir voru settar á. Fólk varði mun meiri tíma heima hjá sér en mun minni tíma á vinnustaðnum, í verslunum og í almenningsangöngutækjum. Samdráttur í ferðum til og frá vinnu var mestur á höfuðborgarsvæðum en minni á landsbyggðinni. Í byrjun sumars jukust ferðir til og frá vinnu á ný og gerðist það áður en smitstuðullinn lækkaði að ráði. Færri voru í fjarvinnu þá en á meðan hörðustu aðgerðirnar stóðu yfir. Þetta endurspeglar þá staðreynd að í sumarbyrjun hafði nokkuð verið slakað á sóttvarnaraðgerðunum. Markmiðið var að halda vinnustöðum opnum eins og mögulegt var án þess að slaka á fjarlægðarmörkum og öðrum mildum sóttvörnum. Greining á þessum þætti náði heldur ekki til Íslands vegna skorts á gögnum.

Hvaða aðgerðum var beytt til að styðja við efnahaginn?

Stuðningsaðgerðir

Stuðningsaðgerðirnar voru í grófum dráttum þær sömu á öllum Norðurlöndunum og beindust að þremur megin þáttum:

1. Fyrirtækjum – Hjálpa fyrirtækjum að lifa af með því að styðja þau sem faraldurinn og sóttvarnaaðgerðir hafa bitnast hvað harðast á. Stjórnvöld allra Norðurlandanna gripu til stuðningsaðgerða sem náðu hvoru tveggja til rekstrarkostnaðar og launakostnaðar. Auk beinna styrkja fólust aðgerðir í því að auðvelda fyrirtækjunum aðgengi að fjármagni og lánum og leyfi til að fresta greiðslum og öðrum skuldbindingum gagnvart hinu opinberu með það að markmiði að auðvelda aðgang fyrirtækja að lausafé. Almennt var miðað við að styðja fyrirtæki sem höfðu orðið fyrir 30% eða meiri samdrætti. Ennig voru gerðar tilslakanir á reglum varðandi vinnutíma og vinnufyrirkomulag sem og tilkynningar á fjöldauppsögnum.
2. Launafólki – Stjórnvöld allra Norðurlandanna gripu til aðgerða til að tryggja tekjur þeirra sem voru í hættu á að missa lífsviðurværi sitt að hluta eða öllu leyti og sem aðrar aðgerðir náðu ekki til. Meðal þeirra aðgerða var möguleiki á tímabundinni uppsögn þar sem ráðningasamband var ekki rofið og launafólk bættur skaðinn með hlutabótum sem greiddar voru af opinberum aðilum.
3. Örvun atvinnulífsins og atvinnusköpun – Á öllum Norðurlöndunum hleyptu stjórnvöld af stokkunum margvíslegum aðgerðum með það að markmiði að stuðla að bata í efnahagslífinu, á vinnumarkaði og í afþreyingar- og menningarstarfsemi (e. social life). Flest átaksverkefnanna snéru að virkni á vinnumarkaði, styrkjum og atvinnusköpun t.d. í gegnum nýsköpunarverkefni.

Á öllum Norðurlöndum hafa vinnumarkaðsúrræðin sama tilganginn, að fyrra starf bíði að samdráttartímabilinu loknu. Uppbygging og fjármögnun þessara úrræða er hins vegar nokkuð breytileg milli landa. Úrræðin í Danmörku og Noregi byggja á að starfsmaður sé annað hvort í vinnu eða heima, í Danmörku þá á fullum launum en í Noregi skerðast launa heimsendra eitthvað. Í Svíþjóð er hins vegar ekki hægt að fá bætur ef starfsmaður er sendur heim heldur einungis fyrir skertan vinnutíma. Á Íslandi byggist kerfið síðan á hlutaatvinnuleysisbótum á móti hlutavinnu auk þess sem ríkið hefur tryggt greiðslu starfsmanna á uppsagnarfresti. Finnland hefur síðan farið allt aðra leið og tryggir nú öllum framfærslu með nýja grunnframfærsluþryggingunum. Áherslan þar er því á að bjarga heimilum ferkar en fyrirtækjum og á að koma í veg fyrir vítahring langtímaatvinnuleysis.

Stuðningsaðgerðirnar eru einstakar í sögulegu ljósi og eru sumar þeirra jafnvel í andstöðu við viðurkenndar leikreglur í viðskiptum og á vinnumarkaði, sem að öllu hjöfnu setja miklar skorður á ríkisstyrki til fyrirtækja eða annars konar íhlutun af hálfu yfirvalda.

Sértækar aðgerðir

Fyrir utan fyrrgreindar stuðningsaðgerðir ákvaðu norðurlöndin sértækar aðgerðir til þess að örva atvinnulífið. Á Íslandi voru settir saman björgunarpakkar sniðnir að þörfum atvinnugreina sem urðu verst úti í kreppunni, t.d. ferðapjónustunnar og listagreina. Auk þess var opinberum framkvæmdum var flýtt og opinber fjárfesting í efnislegum innviðum aukin. Í Danmörku var greiðslu orlofslauna flýtt, Noregur kynnti grænan vaxtarpakka með það að markmiði að örva hagkerfið með því að fjárfesta í grænni umhverfisvænni tækni. Í Svíþjóð komu aðilar vinnumarkaðarins sér saman um að stytta starfsþjálfunartíma og minnka kröfur vegna

löggildingar starfa en í Finnlandi hefur áherslan verið á að styrkja viðkvæma hópa og að tryggja öllum lágmarksframfærslu gegnum nýja grunnframfærslutryggingu.

Hver hefur árangur aðgerðanna verið?

Stuðningsaðgerðirnar drógu úr atvinnuleysi er það fór á flug í upphafi faraldursins

Forrannsóknir sýna að á heildina litið hafa aðgerðir yfirvalda á norðurlöndunum dregið úr atvinnuleysi og hvoru tveggja bjargað störfum og fyrirtækjum. Tímabundnar uppsagnir, skertur vinnutími og hlutabætur mættu bráðri þörf snemma vors 2020 og fjölmennur hópur launþega nýtti sér þær. Síðan dró úr þörfinni yfir sumarmánuðina. Aðgerðirnar veittu launþegum þannig tímabundna hjálp og urðu til þess að fleiri héldu ráðingarsambandi sínu og tekjum nálægt því sem áður var. Eins urðu þær til þess að fyrirtæki gátu haldið í reynslumikla starfsmenn og þá sérhæfni og þekkingu sem þeir bjuggu yfir. Á Íslandi er talið að hlutabótaleiðin hafi komið í veg fyrir að atvinnuleysi yrði enn meira en raunin varð. Engu að síður er atvinnuástandið ekki komið í fyrra horf. Staðan er viðkvæm á meðan ein stærsta atvinnugrein landsins, ferðaþjónustan, er enn í lamasessi.

Stuðningsaðgerðirnar voru nauðsynlegar í upphafi faraldursins en eru ekki sjálfbærar

Sé litið til Norðurlandanna í heild sinni má draga þann lærdóm af stuðningsaðgerðunum að þær hafi verið nauðsynleg bráðaaðgerð í upphafi faraldursins en að þær séu ekki sjálfbærar til lengri tíma litið þar sem þær fela í sér hvata sem samræmast ekki leikreglum markaðshagkerfisins. Hins vegar hefur faraldurinn dregist á langinn og því eru áframhaldandi stuðningsaðgerðir og ekki síst aðgerðir sem hafa það að markmiði að örva efnahagslífið nauðsynlegar. Segja má að Norðurlöndin séu í ákveðnu millibilsástandi. Bráðaaðgerðirnar sem brugðið var til í upphafi faraldursins hafa verið endurskoðaðar og þær gerðar markvissari. Á sama tíma hefur verið gripið til annarra og sértækari úrræða til að örva hagkerfið, tryggja atvinnulausum einstaklingum tekjur og styðja við þau fyrirtæki sem hafa orðið hvað harðast úti. Einnig hafa yfirvöld tekið skref til að tryggja að stuðningurinn sé skilvirkur og til þess að koma í veg fyrir að ríkisstyrkir séu misnotaðir og/eða dragi úr hvata til fyrirtækja til að hagræða í resktri. Hlutabótaleiðin hefur reynst vel og hafa yfirvöld í Danmörku ákveðið að bjóða upp á stuðning sem kemur í veg fyrir að starfsfólk er sent heim að fullu.

Hvernig hefur faraldurinn breytt störfum og vinnufyrirkomulagi?

Faraldurinn leiddi af sér skyndilegar, viðtækar og ófyrirsjáanlegar breytingar sem hafa haft áhrif á nánast alla þætti daglegs lífs. Fyrirtæki og starfsfólk þeirra hafa þurft að grípa til nýrra lausna til að aðlagast þessum nýja veruleika eins og gögn sem skýrsluhöfundar söfnuðu sýna. Hér verður þó að hafa í huga að þessi hluti gagnanna náði ekki til Íslands.

Fjarvinna jókst marktækt

Fjarvinna jókst skyndilega við upphaf faraldursins. Í apríl/maí 2020 unnu 60,5% í Finnlandi, 40,4% í Svíþjóð, 46,2% í Danmörku og um 50% í Noregi í fjarvinnu heiman frá sér vegna Covid-

19. Þetta er veruleg aukning miðað við tíðni fjarvinnu fyrir faraldurinn þegar hlutfall þeirra sem „vinna heima nokkrum sinnum í viku“ var 9,6% í Finnlandi, 5,5% í Svíþjóð og 6% í Danmörku.

Fjarvinnan hefur kosti og galla

Möguleikinn á fjarvinnu hefur skipt sköpum við að halda uppi framleiðni á tímum faraldursins. Áhrif fjarvinnunnar eru hins vegar flókin og hún hefur bæði sína kosti og sína galla. Það má færa rök fyrir því að helsti kosturinn sé að ekki þarf að ferðast jafn oft til og frá vinnu, minna er um óþarfa fundi og vinnufriður almennt meiri. Ókosturinn er hins vegar sá að breytingin gerðist mjög snögg og framkvæmdin því ómarkviss. Þá sýna rannsóknir að fjarvinna getur verið sérstaklega krefjandi fyrir stafsfolk með börn sem jafnvel eru heima vegna lokunar skóla og leikskóla eða vegna sóttkvíar (Íslenskar rannsóknir sem skýrsluhöfundar vitna ekki í hafa meðal annars sýnt þetta). Hins vegar sýna rannsóknir að afköst stjórnenda sem færðu vinnuna heim hafa í sumum tilfellum aukist. Væntanlega vegna þess að vinnufriður er meiri þar en á vinnustaðnum. Engu að síður getur fjarvinnan verið mikil áskorun fyrir stjórnendur en ef ekki vel er að henni staðið getur hún til langframa dregið úr samskiptum og gæðum í skipulagsheildinni.

Í mörgum atvinnugreinum hefur faraldurinn stuðað að stafrænni framþróun og nýsköpun

Rannsóknir benda til þess að faraldurinn hafi leitt til nýsköpunar í mörgum fyrirtækjum hvað varðar skipulag vinnu, viðskipta og reksturs og að stafrænar lausnir hafi verið snar þáttur í nýsköpuninni. Faraldurinn hefur neytt stjórnendur og starfsmenn til að hugsa fjölda þátta í skipulagi upp á nýtt og orðið til þess að aðlagast aðstæðum vegna sóttvarnaraðgerða, tryggja reksturinn og gera hann skilvirkari. Í því samhengi var stafræn tækni nýtt í miklu mæli. Í mörgum fyrirtækjum er þess vænst að þetta verði að hluta til varanlegt vinnufyrirkomulag sem eigi eftir að leiða til lægri rekstarkostnaðar og aukinnar áherslu á stafrænar lausnir.

Heimildir

Einarsdóttir, M., & Snorradóttir, Á. (2020). OHS education and safety training of teenage workers in Iceland. *American Journal of Industrial Medicine*, 63(2), 188-198. doi:10.1002/ajim.23068

Hansen, M. E., Sørensen, S. Y., & Andersen, T. (2021). *Analyse af udvikling og respons i nordiske arbejdsmarkeder som følge af COVID-19-pandemien: Rapport*. Ålborg: Nordisk Ministerråd.
<https://www.teknologisk.dk/ydelser/analyse-af-udvikling-og-respons-i-nordiske-arbejdsmarkeder-som-foelge-af-covid-19-pandemien/42769?cms.query=covid->

Margrét Einarsdóttir. (2014). *Paid Work of Children and Teenagers in Iceland: Participation and protection*. Óbirt doktorsritgerð, Háskóli Íslands: Félags- og mannvísindadeild.

Margrét Einarsdóttir, & Ásta Snorradóttir. (2020). Andleg líðan íslenskra ungmenna: Tengsl við vinnu með skóla? *Læknablaðið*, 106(11), 505-511.

Margrét Einarsdóttir, Kristín Heba Gísladóttir, & Kolbeinn Hólmar Stefánsson. (2021). *Staða launafólks á Íslandi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal aðildarfélaganna ASÍ og BSRB*. Reykjavík: Varða, Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins.

